



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**144. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 20. mars 2026
og hófst hann kl. 09:00.**

Fundinn sátu:

Baldur Ólafur Svavarsson, Björg Fenger, Elís Guðmundsson, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Hjördís Ýr Johnson, Karen María Jónsdóttir, Lovísa Björg Traustadóttir, Magnús Ingi Kristmannsson, Stefán Már Gunnlaugsson, Svana Helen Björnsdóttir, Sævar Birgisson og Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri.

Fundargerð ritaði: Ásdís Ólafsdóttir, svæðisskipulagsstjóri

Helga Jóhannesdóttir, Svana Helen Björnsdóttir og Sævar Birgisson tóku þátt í gegnum fjarfundarbúnað. Formaður Hjálmar Sveinsson setti fund og stýrði.

Áður en gengið var til dagskrár óskaði Helga Jónsdóttir skýringa á frestun 144. fundar. Hún benti á að almennt ætti ekki að fresta fundi nema svæðisskipulagsstjóri forfallaðist, enda gætu nefndarmenn boðað varamenn í sinn stað. Svæðisskipulagsstjóri fór yfir að fundinum hafi upprunalega verið frestað um viku vegna forfalla svæðisskipulagsstjóra. Þá óskaði Helga Jónsdóttir skýringa á því að upphaflegri dagskrá hefði verið breytt án umræðu í svæðisskipulagsnefnd. Formaður gerði grein fyrir ástæðum þeirrar ákvörðunar. Jafnframt óskaði Helga Jónsdóttir eftir því að skrifstofa SSH kannaði lögmæti þess að mál væri tekið af dagskrá án umræðu. Að lokum óskaði hún eftir því að gögn sem send voru út með fundarboði yrðu gerð aðgengileg fundarmönnum á ný. Umræður.

Gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

Karen María Jónsdóttir kom á fund kl. 9:35

1. Álagsdreifing umferðar á höfuðborgarsvæðinu - Sóknaráætlun 2025 - 2502010

Verkefnið Álagsdreifing umferðar er eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar 2025.

Framundan eru umfangsmiklar framkvæmdir vegna Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins og á meðan og til framtíðar er því sérstaklega mikilvægt að leita leiða til að bæta flæði samgöngumáta á svæðinu. Ávinningur samfélagsins vegna bættis umferðarflæðis er að íbúar eyða minni tíma í umferðinni á hverjum tíma. Bætt umferðarflæði hefur bæði áhrif á ferðatíma þeirra sem ferðast með almenningssamgöngum og einkabíl.

Markmið verkefnisins var að greina og móta sameiginlegar aðgerðir á höfuðborgarsvæðinu vegna álagsdreifingar umferðar um svæðið. Nú liggur fyrir skýrsla EFLU vegna verkefnisins.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Daði Baldur Ottósson verkefnastjóri verkefnisins, kom á fund nefndarinnar og kynnti helstu niðurstöður.

Gestir

Daði Baldur Ottósson, Efla -

Verkefnastjóri kynnti helstu niðurstöður verkefnisins og svaraði spurningum.

2. Heimsókn í Kjós - 2003003

Í samræmi við áherslur nefndarinnar, sem voru samþykktar á 110. fundi, er stefnt að því að heimsækja sveitarfélög að vori og hausti og fræðast um helstu skipulagsverkefni sem þar eru fyrirhuguð.

Lagt var til að Kjósarhreppur yrði heimsóttur þann 10 apríl nk.

Samþykkt

3. Fagráð SSH - fundargerðir - 2204005

Fyrirliggjandi til kynningar voru:

Fundargerð 46. fundar fagráðs SSH dags. 26. nóvember 2025.

Fundargerð 47. fundar fagráðs SSH dags. 14. janúar 2026.

Fundargerð 48. fundar fagráðs SSH dags. 11. febrúar 2026.

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00.